

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 28.2. 2017.

Fundarstaður: Álftanesi

Fundur settur kl. 20:00. Mættir eru : GS, BB, DS og KSI

- Samþykkt að leggja fyrir aðalfund að FFF sendi áskorun til Reykhólahrepps, siglingasviðs Vegagerðarinnar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að þrýsta á að lagfæringar verði gerðar á bryggjunni og unnið í sjóvarnarmálum í Flatey
- Aðalfundur undirbúinn, tillögur lagðar fram um fundarstjóra og fundarritara.
- Umræður um sumarhátíð í Flatey. Stefnt að því að halda sumarhátíð helgina eftir verslunarmannahelgi eins og gert var í fyrra. Reykhólahreppur veitti styrk til hátíðarinnar í fyrra og mun stjórn FFF sækja um slíkan styrk aftur.
- Lagðar fram tillögur frá Alberti í Klausturhólum varðandi menningarviðburði og/eða fræðsluerindi í Flatey. Stjórn ræddi tillögurnar, líst mjög vel á og vill taka þátt eftir því sem kostur er.

Fundi slitið kl. 22:00